

Verkfærakista Ungs Sviðslistafólks

Sviðslistakennsla fyrir allt ungt fólk!

Verkfærakista til að stuðla að inngildingu og
fjölbreytileika í gegnum sviðslistir



Þakkir

Við vonum að Verkfærakistan verði gefandi og gagnleg uppspretta innblásturs, hvatningar og þekkingar þeim sem starfa með ungmennum með áherslu á jafnt aðgengi að sviðslista-
kennslu.

Við færum öllum þeim sem komu að gerð Verkfærakistunnar okkar bestu þakkir fyrir framlagið og ómetanlegan stuðning við verkefnið. Áhugi og eldmóður austurrískra og íslenskra rannsakenda, iðkenda, sviðslista-
kennara og ungmenna hafa átt sinn þátt í því að móta þetta vefrit að því sem það er. Okkar allra bestu þakkir færum við þeim sem deildu reynslu sinni og sjónarmiðum í rannsókninni, LTTA þjálfuninni og í prufu námskeiðunum. Við erum þakklát fyrir þá lífandi og kraftmiklu vídd sem bættist við rannsóknina með aðkomu ungmenna og kennara, áhugi þeirra og sköpunarkraftur jók sannarlega gildi og vægi verksins.

Sérstakar þakkir til

Musisches Zentrum Wien, samstarfsaðila okkar fyrir stuðning þeirra við að þróa og betrubæta Verkfærakistuna. Zentrum 9 og 19 KMH (í Austurríki), Alþjóðaskólinn og Hitt húsið – miðstöð ungs fólks (Ísland) fyrir að veita ungmennum og okkur aðgang að húsnæði þeirra, þar sem prufunámskeiðin voru haldin. Arna Magnea Danks fær auk þess sérstakar þakkir fyrir aðstoð við íslenska þýðingu Verkfærakistunnar.

Ritstjóri Rida Arif Siddiqui

Höfundar Anna Gaberscik, Pálína Jónsdóttir, Jessica Marie LoMonaco, Ewa Marcinek, Stella Radovan, Cristina Sandino Rossmann, Rida Arif Siddiqui

Útgefandi Reykjavík Ensemble / EDUCULT

Hönnun og útlit Michael Jung, metaphor.me

Táknmyndir HDM from the Noun Project


Fyrsta rafræna útgáfan / Reykjavík 2023 / Vienna 2023

Verkfærakista ungs sviðslistafólks © 2023 eftir Reykjavík Ensemble, EDUCULT, Musisches Zentrum Wien er gefið út samkvæmt leyfi CC BY 4.0

ISBN 978-9935-25-501-3

Þessi rafræna útgáfa var þróuð innan 16 mánaða verkefnaramma Erasmus+ áætlunarinnar, frá september 2022 til desember 2023, undir heitinu “Sviðslistakennsla fyrir allt ungt fólk!”. Verkefnið er styrkt af OeAD, mennta- og alþjóðavæðingarstofnuninni í Austurríki og Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins.

Útgáfan endurspeglar aðeins skoðanir og viðhorf höfunda og hvorki austurríska landskrifstofa Erasmus+ áætlunarinnar né framkvæmdastjórn Evrópusambandsins bera ábyrgð á þeim skoðunum og viðhorfum sem hér koma fram.



Leiðbeiningar

Hvernig á að nota Verkfærakistu ungs sviðslistafólks	2
Hvernig á að lesa kortin	2
Sundurliðun á þemum, táknum og kortum	4
Atriði sem þarf að hugsa út í áður en þú byrjar	5
Orðasafn	6
Það sem við lærðum af rannsóknum í Austurríki og á Íslandi	8
Ungt sviðslistafólk: Sviðslistakennsla fyrir allt ungt fólk!	9

Verkefnakort

#1 Upphitun	10
#2 Gakktu eins og...	11
#3 Kynntu þig!	12
#4 Að búa til sáttmála/manifestó!	13
#5 Æskan kemur í öllum litum, gerðum og stærðum!	14
#6 Hvað með óskir okkar og drauma	16
#7 Þankahrið	17
#8 Innblástur listarinnar og þverfagleg vinna	19
#9 Samskipti handan tungumálsins	20
#10 Holdi klæddar höggmyndir	21
#11 Ung en fagleg	22
#12 Það þarf heilt þorp	23
#13 List getur leitt til breytinga	24
#14 Samvinna þvert á stigveldi	25

Viðbótarverkefni

#1 Samkomulagsatriði fyrir sáttmála	26
#2 Íhugunaratriði fyrir ungt fólk	28
#3 Íhugunaratriði fyrir kennara	28
#4 Íhugunaratriði fyrir ákvarðanaaðila	29

Leiðarvísir

Ef þú hefur áhuga á

- listrænum verkefnum og umræðum, skoðaðu þá kort **10, 11, 13, 16, 19, 21, 22, 24, 25**
- samskiptum og umræðum skaltu skoða kort **12–14, 15, 17, 29, 20, 22–25**
- valdaójafnvægi og umræðum skaltu skoða kort **14, 24, 25**
- ígrundun og umræðum skaltu skoða kort **6, 7, 14, 16, 17, 19–21, 23, 28, 29**
- Ef þú ert byrjandi og í leit að hugmyndum hvernig best sé að byrja, skoðaðu þá kort **5, 10–13, 16, 20, 21, 24**

Hvernig á að nota Verkfærakistu ungs sviðslistafólks

Verkfærakista ungs sviðslistafólks er samansafn námsefnis og leiðbeininga til að styðja við æskulýðsleiðtoga, kennara og fagfólk í störfum þeirra við sviðslistakennslu. Við sem stöndum á bak við þetta rit trúum því að allir sem hafa aðgang að réttu verkfærunum geti þjálfað sig í því að leiðbeina ungu sviðslistafólki með inngildingunni að leiðarljósi. Þessi yfirlitsgóða Verkfærakista leggur áherslu á kennslu án aðgreiningar og er til þess gerð að hjálpa leiðbeinendum á öllum stigum, hvort sem þeir hafa öðlast margra ára þjálfun og reynslu eða eru ungmenni sem vilja hefja verkefni fyrir og með jafningjum sínum. Sögurnar, æfingarnar og aðferðirnar geta nýst öllum sem hafa áhuga á að tryggja að allir einstaklingar hafi jöfn tækifæri til að taka fullan þátt í sviðslistum, óháð bakgrunni, getu eða aðstæðum. Við vonum að þetta verkfærasett veiti þér aðstoð við að skapa öruggara rými fyrir alla.

Með Verkfærakistunni vonumst við til að stuðla að því að allir upplifi að þeir tilheyri, finni fyrir jafnrétti og geti tekið virkan þátt, hvort sem um ungmenni eða leiðbeinendur er að ræða. Við vonum að ritið hjálpi til við að skapa samfélag þar sem þeir sem hafa orðið fyrir mismunum upplifi að tekið sé vel á móti þeim á jafningjagrundvelli.

Hvernig á að lesa kortin

Verkefnakortin eru til þess gerð að gera verkefnið aðgengilegra og að auðvelda notendum að sérsníða notkun þeirra

að sínum þörfum. Athugið, að auk leiðbeininganna, er hvert kort lit- og táknkóðað, svo þú getir auðveldlega flokkað þau eftir þínum hentugleik.

Á hverju korti er uppskrift að verkefni.

Titill er heiti verkefnis (Athugið, þetta er að finna í efnisyfirliti auk tilvísunar á öðrum kortum)

Táknið vísar í það sem kortið leggur áherslu á. Þemun í Verkfærakistunni eru: *Listir, íhugun, samskipti, valdaójafnvægi og skilgreiningar*. Til að auðvelda byrjun á notkun kortanna höfum við merkt þau kort sem við teljum nauðsynleg til að skapa öruggt rými fyrir alla. Þessi nauðsynlegu kort eru einnig gagnleg til að búa til tilraunaverkefni við það að koma nýjum hópi á fót og til að skilja hverjar sérþarfir hópsins eru í upphafi vinnunnar.

Erfiðleikastig er mælikvarði til að gefa leiðbeinendum hugmynd um það tilfinningalega álag sem getur fylgt verkefnunum. Þar sem við erum oft að vinna með viðkvæmum hópum fólks verðum við að horfast í augu við að það getur tekið sinn toll af leiðbeinendum. Þess vegna er okkur mikilvægt að tryggja að leiðbeinendur fái jafn mikinn stuðning og þátttakendur. Eins og með allt, þá er þetta

mat huglægt og kann að vera öðruvísi en þitt eigið, alltént eru tillögurnar byggðar á okkar reynslu.

Hreyfing vísar í hversu mikla líkamlega hreyfingu verkefnið felur í sér. Vinsamlega athugið að til að vera tryggja að allir geti tekið þátt gæti leiðbeinandinn þurft að aðlaga verkefnið svo það henti öllum þátttakendum. Þetta snýst ekki aðeins um að koma til móts við fólk sem getur ekki hreyft sig eins frjálst og aðrir, heldur líka að taka tillit til fólks sem gæti átt í erfiðleikum með að sitja kyrrt of lengi. Tilgangurinn er að skapa rými þar sem allir geta tekið þátt eins mikið og hægt er.

Fjöldi þátttakenda er lágmarksfjöldi þátttakenda sem þarf fyrir verkefnið. Sum verkefni er hægt að gera með tveim þátttakendum á meðan önnur verkefni þurfa átta eða fleiri.

Tímabörf er sá lágmarkstími sem þarf til að vinna verkefnið á öruggan hátt. Vinsamlegast athugaðu að ef þú ert að vinna með stærri hóp er gott að gera ráð fyrir aukatíma. Yfirleitt á sú regla við að því fleiri þátttakendur því lengri tíma muni verkefnið taka. Með tilgang Verkfærakistunnar að leiðarljósi höfum við áætlað þann tíma sem þarf fyrir lágmarksfjölda þátttakenda.

Aðstaða/kennslugögn sum verkefni krefjast kennsluefnis, hvort sem það er rými til að hreyfa sig eða myndlistarvörur. Vertu skapandi! Stundum er ekki til fjármagn fyrir þeim námsgögnum sem okkur langar til að væru til

staðar, en vonandi hjálpar verkfærasettið til við að kanna aðra valkosti.

Aðferð er leiðbeinandi um hvað er gert í verkefninu og hvernig eigi að nálgast það og leiða.

Á hverju korti er númer, eins og á blaðsíðu í bók. Til þeirra er vísað í efnisyfirliti, tilvísunum og orðasafni.

Bakgrunnsupplýsingar verkefnisins eru oft viðbótarupplýsingar, sem útskýra hvers vegna verkefni eru gagnleg, og veita upplýsingar um uppruna hugmyndarinnar og fræðilegar upplýsingar.

Tilvísun er ráð og vísanir í frekari upplýsingar til leiðbeinenda. Tilvísanir vísa í önnur verkefni sem eru svipuð, skyld eða efnislega tengd og gætu verið áhugaverð í tengslum við verkefni.

Sundurliðun á þemum, táknum og kortum



Nauðsynleg verkefni skipta sköpum fyrir inngildingu allra í hópnum og öryggi þeirra. Undirþemu þessa tákns eru meðal annars, en takmarkast ekki við; vitund, hugmyndir fyrir fyrsta tímann með hópnum, sköpun sáttmála og valdeflingu.



Listir eiga við um listfræði, sviðslista starfsemi og ástundun, skapandi skrif og líkamshreyfingu.



Samskipti fela í sér tungu- málakönnun, hópefli og sértæka nálgun á því hvernig við getum tjáð okkur.



Valdaójafnvægi: Þessi kort þarf að nota með nærgætni vegna þess hversu viðkvæm umfjöllunarefni eru. Kortin fjalla um ójöfnuð og mismunun, lífsreynslu og tilvist okkar í samfélaginu.



Íhugun eru verkefni sem byggja á því að deila eigin reynslu, horfa til baka á eigin sögur, sjálfsvitund og skilning. Íhugunarkortin eru fyrir þátttakendur, leiðbeinendur og ákvörðunaraðila.



Skilgreiningar eru vísanir í hugtök sem notuð eru í Verkfærakistunni.



Framhaldsverkefni er listi yfir viðbótarverkefni. Verkfærakistan er í stöðugri þróun og hægt fyrir notendur að sérsníða hana að eigin þörfum. Við hvetjum leiðbeinendur til að aðlaga verkefni að staðbundnu samhengi og að sérþörfum þátttakenda.



Samtvinnun eru verkefni sem hægt er að aðlaga til notkunar í mismunandi samhengi og endurtaka fyrir mismunandi þemu og umræður.



Þankabólur eru gagnlegar hugmyndir sem birtast hér og þar í Verkfærakistunni.

Atriði sem þarf að hugsa út í áður en þú byrjar

Það er mikilvægt að þú gerir rýmið þitt aðgengilegt. Við hvetjum við þig til að kynna þér **Algilda hönnun**, hugmyndafræði sem lýtur að því að hanna rými með aðgengi allra í huga. Hugleiddu hvernig þetta gæti átt við um verkefnið þitt, áður en þú byrjar.

Tröppur eða þröngar hurðir geta verið hindranir fyrir þá sem nota t.d. hjólastól, svo hafið í huga að rýmið sem þið vinnið í séu aðgengileg á annan hátt. Ef hittast á í stóru íþróttahúsi, verið þá meðvituð um að rýmið getur bergmálað og komið í veg fyrir að þátttakendur heyri skýrt hver í öðrum. Er lýsingin ef til vill of björt og yfirþyrmandi? Kannaðu rýmið sem þú ætlar að nota og skoðaðu hversu aðgengilegt það er, bæði líkamlega og andlega, fyrir þátttakendur. Getur þú breytt eða aðlagð rýmið fyrir sérþarfir þátttakenda? Eru önnur rými laus sem henta þörfum hópsins betur?

Þið eruð hvött til þess að taka á móti þátttakendum við innganginn inn í rýmið. Íhugaðu að bæta við mynd af innganginum í auglýsinguna fyrir námskeiðið eða viðburðinn og bættu við merkingum inni í rýminu, eins og fyrir slökunarsvæði og útgönguleið.

Hugsaðu vel út í hvað þú þarft til að leiða vinnuna. Við hvetjum þig til að biðja um aðstoð og vinna í teymi, ef þörf krefur. Kjarni þess að vera leiðbeinandi er að ganga á undan með góðu fordæmi. Mundu að taka virkan þátt með þátttakendum.

Það sem þú þarft getur verið: fólk, tími, líkamleg virkni, o.s.frv.
Þarfir geta verið: andlegar, tilfinningalegar, líkamlegar

Opið kall

Í einu af viðtölum okkar sagði ungur leikhúsmáður frá Finnlandi:

„Ef aðeins hvítt, ófatlað, sískynja fólk svarar opnu kalli og mætir í prufur, þá er líklega ástæða til að skoða framsetninguna á opna kallinu”.

Hvernig er best að undirbúa opið kall fyrir þátttök verkefni? Hverjir undirbúa opna kallið? Eru þau fulltrúar fólksins sem þau vilja vinna með? Hvaða þörfum þarf að huga að svo allir geti verið með?

Skoðið hvers lags jaðarsetning er á svæðinu og hannið opna kallið samkvæmt því (dæmi: fjárhagslegar hindranir, staðsetning, vettvangur, aðgengi, tungumál, skortur á aðstoð). Mundu, **það er gott að biðja um hjálp!** Ef þú hefur upplifað áskoranir áður með opið kall er gott að leita til markaðsráðgjafa sem þekkir til á svæðinu!



Orðasafn

Lykilhugtök og orðskýringar

Aðgengi – felst í því að gera hlutina auðveldu og aðgengilega í notkun fyrir fólk sem er með sýnilega eða ósýnilega skerðingu, og upplifir fötlun. Það felur í sér að fjarlægja hindranir og búa til umhverfi eða hönnun sem mætir mismunandi þörfum. Þetta getur átt við um rými, stafrænan vettvang, þjónustu eða upplýsingar, sem tryggir jöfn tækifæri fyrir alla.

Algild hönnun – hægt að nota sem sögn eða nafnorð. Þegar það er notað sem sögn vísar það til þess að hanna eitthvað til að vera virka fyrir eins marga og mögulegt er. Þegar það er notað sem nafnorð vísar það til hagnýtrar hönnunar á einhverju.

Dyggðaskreyting – sú athöfn að bjóða fulltrúum minnihlutahópa með, en á yfirborðslegan hátt, oft með því að ráða til liðs við sig einstaklinga til að skapa talsýn um jafnrétti.

Fjölbreytileiki – einstaklingar af ólíkum uppruna, menningu, kynþáttum, kyngervi, aldri, hæfileikum, trúarbrögðum eða öðrum einkennum innan hóps eða samfélags. Það felur í sér: að viðurkenna, virða og meta sjónarmið, reynslu og sjálfsmynd fólks.

Fötlun – er varanlegt líkamlegt eða andlegt ástand einstaklings, sem veldur því að hann getur ekki beitt sér til fulls varðandi athafnir og samskipti.

Fólk á flóttu – á við um ástand eða aðstæður einstaklinga eða hópa sem hafa neyðst til að yfirgefa heimili sín eða dvalarstaði af mismunandi ástæðum, svo sem átaka, náttúruhamfara, ofsókna, fötlunar eða efnahagslegra erfiðleika og geta leitað aðstoðar og verndar hjá mannúðarsamtökum eða ríkisstofnunum.

Hámenning – menningarframleiðsla, viðburðir og afrek sem þykja skara fram úr í vitsmunalegum, listrænum eða fagurfræðilegum gæðum og tengjast oft elítunni. Hámenning hefur sætt gagnrýni fyrir útilokandi og elítískar tilhneigingar í því að viðhalda félagslegum valdastrúktúr og takmarka viðurkenningu á fjölbreyttari menningar tjáningu.

Inngilding – að skapa umhverfi þar sem allt fólk upplifir að það sé metið, virt og valdeflt. Það felur í sér að fagna fjölbreytileikanum og að ryðja hindrunum úr vegi til að tryggja jafnt aðgengi og tækifæri fyrir alla einstaklinga.

Jaðarsetning – kerfislæg mismunun þar sem einstaklingum eða hópum er ýtt út á jaðar samfélagsins, sem leiðir til útilokunar þeirra og takmarkaðs aðgengis að lífsgæðum. Jaðarsetning kemur í veg fyrir virka þátttöku í samfélaginu og viðheldur félagslegu misrétti.

Jafnt aðgengi – að veita öllum einstaklingum sanngjörn og réttlát tækifæri og aðgang að upplýsingum, þjónustu, tækifærum eða fríðindum án mismununar eða hindrana sem tengjast kynþætti, kyni, félagslegri stöðu eða fötlun.

Kynjajafnrétti – að tryggja jafnan rétt og tækifæri fyrir fólk af hvaða kyntjáningu sem er.

Kynjað réttlæti – að bera kennsl á og ræða um hvernig ólík kyn, búa við mismunandi þarfir, áskoranir og hindranir vegna sögulegra, félagslegra og kerfislægra þátta.

Listaklasar ungs fólks – samfélag eða hópur ungra listamanna sem vinna saman, styðja



hvert annað og taka þátt í listrænu starfi. Svona klasar virka sem miðstöðvar fyrir tengslamyndun og skapandi þróun.

LGBTQIA+ – skammstöfun sem stendur fyrir fjölbreytt úrval kynhneigða, kynvitundar og tjáningar eins og: lesbía, hommi, tvíkynhneigð, trans fólk, hinsegin, intersex, kynleysi og fleira auðkenni. Plúsinn „+“ táknar inngildingingu annarra kynauðkenna.

Minnihlutahópar – Minnihluti eða minnihluta-hópur er hópur íbúa sem bera sameiginleg félagsleg, trúarleg, þjóðernisleg, kynþáttaleg eða önnur einkenni sem eru frábrugðin þeim sem tilheyra meirihlutahópum. Hugtakið vísar til hvers kyns hópa sem verða fyrir kúgun og mismunun af hálfu þeirra sem eru í sterkari félagslegri stöðu en þau, hvort sem hópurinn er tölulega stærri eða ekki.

Samþætting – ferli sem leiðir saman fólk af ólíkum bakgrunni og styður við gagnkvæma virðingu og samleið án aðgreiningar.

Skynsegin – taugamargbreytileiki

Sviðslistir – fjölbreytt listræn tjáningar- og fræðsluform, þar á meðal leikhús, dans, gjörningar og uppistand.

Tabú – hugtak notað um athöfn, hugmynd eða málefni sem er forðast er að nefna eða bannað af trúarlegum eða félagslegum ástæðum.

Vitsmunalegur fjölbreytileiki – inngilding fjölbreytts fólks með mismunandi hugsanamynstur, hugmyndir, aðferðir til að leysa vandamál og hugarfar

Æska – Samkvæmt skilgreiningu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins er átt við einstaklinga á aldrinum 15 til 29 ára.

Öráreiti – niðrandi athugasemdir og móðganir sem jaðarsettir hópar upplifa og er hluti af ástæðu jaðarsetningar þeirra.

Öruggara rými – rými eða sýndarumhverfi sem er laust við mismunun og fordóma þar sem einstaklingar, sérstaklega þeir sem koma frá viðkvæmum jaðarhópum, geta fundið öryggi, stuðning og virðingu.



Það sem við lærðum af rannsóknum í Austurríki

Rannsókn, viðtöl og rýnihópavinna sem framkvæmd var í Austurríki, á tímabilinu nóvember 2022 til febrúar 2023, varpar ljósi á viðvarandi togstreitu milli hins félagslega veruleika og sviðslistakennslu innan stofnana. Umræðurnar beindust að valdaójafnvæginu í austurrísku samfélagi, sérstaklega að árekstrum milli hinnar ríkjandi, miðstýrðu *hámenningar* og þarfa ungmenna, þá sér í lagi minnihlutahópa og þeirra sem ekki eiga evrópska menningararfleifð. Í viðtölum og umræðum kom í ljós að hugtakanotkun eins og *fjölbreytileiki*, *inngilding*, *jaðarsetning* og *sambætting* eru hugtök sem lýsa sundruðu samfélagi. Einn viðmælandinn orðaði það svo: „Það sem leiðir til jaðarsetninar er jaðarsett hugsun; ég og þú og línan á milli okkar. Svo lengi sem línan er til staðar mun hún fylgja þér hvert sem þú ferð“. Í borgum og bæjum Austurríkis ríkir svæðisbundin aðgreining þar sem menningarleg áhersla og forgangsroðun er á miðbæjarkjarnana. Ójöfnuður er á fjármagni sem ráðstafað er til menningarmála og þörf er fyrir fleiri þátttöku verkefni í hverfum þar sem íbúafjöldinn einkennis af menningarlegum fjölbreytileika. Skortur er s.s á vitund á og sýnileika menningarlegs fjölbreytileika, ójafnvægi kynjanna er til staðar og stíf og úrelt stuðningskerfi hindra jafnan aðgang að sviðslistakennslu. Skortur á fjármagni og upplýsingum og tungumálhindranir eykur enn áskorunina sem ungt fólk stendur frammi fyrir í þessu samhengi.

Það sem við lærðum af rannsóknum á Íslandi

Hér á landi leiddi rannsókn og viðtöl, sem tekin voru frá nóvember 2022 til febrúar 2023, í ljós fjölmargar áskoranir við að tryggja jafnan aðgang að sviðslistakennslu fyrir ungmenni. Sviðslistir eru í aðalnámskrá en tækifæri til óformlegrar sviðslistaþátttöku og starfsemi er verulega takmörkuð fyrir ungmenni eldri en 19 ára. Aðgangur að sviðslistakennslu fyrir íslensk ungmenni er mismunandi eftir landshlutum, sveitarfélögum og hverfum, með verulegum mun á milli þéttbýlis og dreifbýlis.

Viðkvæmustu samfélagshóparnir, þar á meðal fyrstu kynslóðar innflytjendur, ungmenni á flóttu, þeir sem eru með andlega og líkamlega fötlun, skynsegin einstaklingar, ungmenni með geðræn vandamál og LGBTQIA+, gætu haft mikið gagn af þátttöku í sviðslistum. Hins vegar eru fjárhagslegar hindranir, ójöfn fjárveiting milli skóla og hverfa, tungumálhindranir, ófullnægjandi fjármögnun og skortur á stuðningi frá þýðendum og sérfræðingum verulegar hindranir.

Æskulýðsleiðtogar og sviðslistakennarar, sem vinna með jaðarsettum samfélagshópum, bentu á fleiri annmarka í sviðslistaþátttöku. Í þessu litla, og oft samhenta samfélagi, felast því miður alvarlegir gallar, eins og frændhygli og elítismi, svo mjög að sýnileiki fulltrúa minnihlutahópa er sáralítill. Það er sérstaklega áberandi að svokölluð menningarbörn, þ.e ungmenni sem koma úr listrænum fjölskyldum, eru í miklum meirihluta þeirra sem taka þátt í og starfa við sviðslistir.

Sviðslistakennsla fyrir allt ungt fólk!

Útgáfa Verkfærakistunnar, sem er til þess gerð að stuðla að inngildingu og fjölbreytileika í gegnum sviðslistakennslu, var unnin með sameiginlegu átaki ungmenna, kennara, listamanna og rannsóknaraðila sem miðluðu sérþekkingu sinni af örlæti fyrir þetta samvinnuverkefni, sem stutt er af Erasmus+. Samstarfsaðilarnir frá Íslandi (Reykjavík Ensemble International Theatre Company) og Austurríki (EDUCULT – Institute of Cultural Policy and Cultural Management, með þátttöku Muisches Zentrum Wien) sameinuðu reynslu sína og krafta við rannsóknir á sviðslistum til að styðja við fjölbreytileika og þátttöku ungmenna, sérstaklega þeirra sem hafa færri tækifæri til sviðslistakennslu vegna þjóðernis, kynþáttar, tungumáls, kyns og trúarbragða.

Verkefnið hófst í **september 2022**

Rannsóknir stóðu yfir frá **nóvember 2022**

Skýrslu þarfagreiningar lauk í **maí 2023**


LTTA (Learning, Teaching, Training Activities)

þjálfun fór fram á Íslandi í **október 2023**

Prufunámskeið voru haldin á Íslandi og í

Austurríki í **október 2023**

Útgáfa Verkfærakistunnar, **desember 2023**





Upphitun

Nauðsynlegt, listir

Erfiðleikastig ●●○○○ | Hreyfing **Hreyfingamiðað verkefni** | Fjöldi þátttakenda **3+**

Tímabörf **10 mín** | Aðstaða/kennslugögn **Rými til að hreyfa sig í**

Æfing: Geimvera í geimnum

Upphitun er fyrir líkamann, röddina eða hópinn. Hægt er að gera æfinguna einu sinni til að kynnast hópnum eða að gera þetta að siðvenju fyrir hópinn sé unnið er yfir lengri tíma. Í þessu verkefni ímyndar hópurinn sér að þau séu að koma til jarðar í fyrsta sinn. Þátttakendur leitast við að ögra skynjun sinni á hversdagslegum hlutum og upplifunum. Hægt er að nota æfinguna sem stutt og ljúft augnablik eða sem lengra ferli. Verkefnið er byggt á „The Six Viewpoints“ eftir Mary Overlie.

Æfing: Sálarlestin

Upphitun er oft leidd af leiðbeinanda eða af þátttakanda sem biður sig fram. Hægt er að gera æfingu eins og „geimvera í geimnum“ eða frjálsa upphitunaræfingu. Ef þig langar að hita upp án orða gæti „Soul Train“ verið góð æfing. Hópurinn skiptir sér í tvær línur sem snúa hvor að annarri. Spilið tónlist og látið tvo þátttakendur fara í gegnum „ganginn“ á sinn hátt – þeir geta dansað í gegnum hann eða gengið eins og þeir séu að ganga á skýjum (bara svo dæmi sé tekið). Þau sem eru á línunum tveimur hvetja þau sem eru að fara í gegn. Í lok „gangsins“ sameinast þátttakendurnir tveir þeim sem eru á línunum og næstu tveir við byrjun „gangsins“ fara í gegn. Til að byrja með og til undirbúnings geturðu notað „Kynntu þig“ æfinguna bls. 12, þar sem þátttakendur kynna nöfn sín og fornöfn með einfaldri hreyfingu sem hópurinn svo endurtekur. Eftir æfinguna geturðu haldið áfram og byrjað á Soul Train.

Bakgrunnsupplýsingar

Rétt eins og margar ípróttir geta sviðslistir verið líkamlega krefjandi, þess vegna er mikilvægt að undirbúa líkama og rödd svo við getum hreyft okkur, leikið og brugðist við! Radd upphitun hitar upp háls, kjálka, andlit og tungu. Æfðu þig í að varpa röddinni úr þindinni og fylla rýmið af hljóðum, án þess að skaða raddböndin. Tungubrjótur geta verið gagnlegir og það að fara með setningar, t.d. úr sýningu sem verið er að æfa, hjálpar til við að kynnast röddinni betur. Gerðu teygjuæfingar til að búa þig undir að hreyfa þig og tengdu hugann við hvernig þér líður í líkamanum. Mundu að hlusta vel á líkamann og slasa hvorki þig né aðra í líkamsæfingunum. Þetta eru nokkrir lykilþættir sviðslista. Mary Overlie skapaði og stundaði ákveðna „nálgun sem leggur grunninn að og víkkar út fagsvið sviðslistarinnar með því að rannsaka orðaforðann sem liggur allri listsköpun til grundvallar“. Þú getur alltaf komið aftur að þessum þáttum í upphituninni til að skapa andrúmsloft þar sem fólk getur mætt og verið í sínum eigin takti, sinnt þörfum sínum, heilsað upp á hópinn og herbergið:

„Fræið að The Six Viewpoints er að finna í þeirri einföldu athöfn að standa í rýminu. Frá þessu sjónarhorni er listamanninum boðið að lesa og fræðast um hugtökin sem eiga við um daglega upplifun: Upplýsingar um rýmið, tímann, kunnugleika forma, eiginleika hreyfingar, rökfræði og tilfinningalegt ástand.“



Gakktu eins og...

Listir, samskipti

Erfiðleikastig ●●○○○ | Hreyfing **Byggt á hreyfingu** | Fjöldi þátttakenda **2+**

Tímabörf **10–15 mín** | Aðstaða/kennslugögn **Rými til að hreyfa sig**

Athugaðu að í þessu verkefni er gott að vísa til fyrstu reglunnar um að „prófa það“. Við höfum tekið dæmið „Gakktu um eins og hæna“. Við vitum að manneskjan er ekki hæna, en það sakar ekki að prófa það. Þó þú hagir þér eins og hæna gerir það þig ekki að hænu.

Aðferð

1. Leiðbeinandinn byrjar á því að segja „Gakktu um herbergið eins og...“ og síðan fylgja allir leiðbeiningunum.
2. Leyfðu hópnum að prófa í smá stund, bættu svo við næstu tilsögn.

Nokkur dæmi

- Þú ert of sein í vinnuna og þarft að komast þangað sem fyrst
- Þú ert hæna
- Þú berð þungan stein
- Þú ert hræddur við alla sem þú sérð
- Þú ert týndur í framandi landi
- Þú ert að ganga á ís
- Þú ert snákur
- Þú ert skordýr
- Gólfíð er hraun

Vertu skapandi og skoraðu á fólk að stíga út fyrir þægindarammann!

Bakgrunnsupplýsingar

„Gakktu eins og“ er frábær undirbúningur fyrir hópspuna og er æfing sem hægt er að nota aftur og aftur. Það má nota verkefnið sem einfalda upphitun og nota síðar við þróun á persónusköpun. Til dæmis, ef þátttakandi veit hvaða hlutverk hann mun leika í sýningu, getur hann gert æfinguna út frá sínum karakter. Það má líka nota æfinguna þannig að láta þátttakendur ganga um sem þeir sjálfir og svo í karakter.



Kynntu þig!

Nauðsynlegt, samskipti

Erfiðleikastig ●○○○○ | Hreyfing **Lítill hreyfing, sitjandi eða standandi**

Fjöldi þátttakenda **4+** | Tímabörf **1 mín á þátttakanda**

Kennslugögn **Engin**

Vendu þig á að kynna þig með fornafni og spyrja aðra um fornafn. Notaðu kynhlutlausar kveðjur eins og „þið“ eða „öll“ í stað „stelpur“ eða „strákar“. Æfðu þetta með hópnum þínum.

Aðferð

Safnaðu þátttakendum í hring svo allir sjái alla.

Biðjið þátttakendur að kynna sig!

Í þessu verkefni kynnrir hver þátttakandi sig með nafni og fornafni. Eftir að þátttakendur segja nafnið sitt gera þeir einfalda hreyfingu. Restin af hópnum endurtekur nafn viðkomandi, fornafn og hreyfingu, eftir bestu getu.

Bakgrunnsupplýsingar

Forðastu að gera ráð fyrir hlutunum því það er svo auðvelt að spyrja! Þó að margir einstaklingar noti fornöfnin „hún“ eða „hann“, þá er notkun viðeigandi fornafna öflug leið til að viðurkenna, staðfesta og samþykkja aðra. Þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir trans og kynsegin einstaklinga sem verða fyrir mismunun og ofbeldi vegna félagslegrar stimplunar á kynvitund. Trans fólk, þar með kynsegin einstaklingar eiga það til að nota eitt ákveðið fornafn eins og hann, hún, hán eða fleiri en eitt til að undirstrika að þau eru að fullu innan kynjatvíundarinnar, t.d. hann/hán og hún/hán.

Kyn er ekki það hvað fólk lítur út fyrir að vera í augum annars fólks; kyn er það sem við vitum sjálf að við erum. Enginn annar ætti að geta sagt þér hver þú ert; það er þitt að ákveða það.

Alok Vaid-Menon, *Beyond the Gender Binary*



Að búa til manifestó!

Nauðsynlegt, samskipti

Erfiðleikastig ●●●○○ | Hreyfing **Lítill, sitjandi**

Fjöldi þátttakenda **2+** | Tímabörf **15 mín +**

Námsgögn **Blað og penni eða annað, t.d upptökutæki, samkomulagsatriði sáttmála**

Við hvetjum ykkur til að vera opin gagnvart skapandi hugmyndum sem gætu gert æfingarnar aðgengilegri. Er hægt að gera þetta með raddupptöku? Geta myndir í stað texta hjálpað til?

Litli sáttmáli ungs sviðslistafólks: Samskipti okkar á milli eru laus við hvers lags ofbeldi. Við tökum aðeins þátt í líkamlegri snertingu sem samþykki liggur fyrir um. Við leyfum þátttakendum hópsins að snarla á æfingu ef þeir þurfa orku. Hópurinn ætti að ræða saman á fundi í hverjum mánuði. Á þessum fundum er þátttakendum boðið að deila reynslu sinni og upplifun af æfingum með leiðbeinendum um hvað virkar vel og hvað þeir vilja meira eða minna af. Þetta gerir þátttakendum kleift að deila athugasemdum sínum og leggja sitt af mörkum til að móta samveruna á æfingum.

Aðferð

Búðu til sáttmála með hópnum þínum!

Sáttmáli eða manifestó er skjal sem allir þátttakendur sameinast um að vera sammála um, það lýsir hugarfari hópsins í samvinnu og samskiptum. Sáttmáli er leiðarvísir um það hvernig þátttakendur eigi að haga sér og vísar í væntingar hópsins og markmið. Sáttmálann á að búa til sameiginlega.

Þú sem leiðbeinandi ákveður hvernig best er að haga þessu út frá þörfum hópsins en þú getur líka valið um þessa valkosti:

Útbúðu lista yfir helstu viðmið og öryggisatriði svona samnings (Sjá #1 Samkomulagsatriði fyrir sáttmála). Sumt sem þar kemur fram gæti falið í sér að útskýra og samþykkja hugtök eins og *Sakaruppgjöf*, *Farðu vel með þig*, og *Verið eins heiðarleg og unnt er*. Þessi sáttmáli festir í sessi hvernig við viljum eiga í samskiptum hvert við annað, út frá inngildingum, næmi og skilningi í garð hvors annars.

EÐA

Annar valmöguleiki sem leiðbeinandinn getur nýtt sér er að kynna hugmyndina að sáttmála og leyfa svo hópnum að búa hana til. Hér getur leiðbeinandi yfirgefið hópinn til að gera þátttakendum kleift að búa sáttmálann til sjálfstætt.

Það getur verið gagnlegt að skoða hvernig við vinnum hvert með öðru í sama rými og hvernig við höfum samskipti hvert við annað þegar við erum aðskilin:

Bakgrunnsupplýsingar

Hvernig á að stjórna öruggara rými: Til þess að skapa öruggara rými, er gerður samningur af öllum þátttakendum, svokallaður sáttmáli eða manifestó. Þessi táknræni hópsamningur er skýr yfirlýsing um þau markmið og reglur sem hópurinn setur sér um samstarfið. Til dæmis, „Við dæmum ekki hvort annað. Sérhver hugmynd er góð hugmynd, jafnvel þótt við ákveðum að nota hana ekki. Segðu það sem þér finnst. Verum sammála um að vera ósammála“. Að búa til sáttmála hvetur þátttakendur til að nálgast samstarf sitt af núvitund, samúð og hreinskilni.



Æskan kemur í öllum litum, gerðum og stærðum

Samskipti, íhugun, valdaójafnvægi

Erfiðleikastig ●●○○○ | Hreyfing Kyrrstaða

Fjöldi þátttakenda 3+ | Tímabörf 20 mín

Aðstaða/kennslugögn Þægilegt rými, blöð og pennar/upptökutæki, Manifestó

Mundu að þarfir geta verið andlegar, tilfinningalegar eða líkamlegar.

Aðferð

- 1 Þátttakendur eru beðnir um að skrifa niður þarfir sínar svo þeim geti liðið vel í rýminu.
- 2 Safnaðu blöðum saman og flokkaðu samkvæmt svipuðum þörfum.
- 3 Berðu þarfir þátttakenda saman við manifestóið. Er verið að mæta þörfum þeirra í manifestóinu eða þarf að bæta einhverju við?
- 4 Vinnið saman að því að tryggja að þörfum hópsins sé mætt eftir bestu getu leiðbeinandans.

Umhugsunarefni: Hvernig er hægt að láta öllum finnast að hlustað sé á þá án þess að þeir séu afhjúpaðir?

Bakgrunnsupplýsingar

Kennarar og æskulýðsleiðtogar verða að forgangsraða því að skilja þarfir og áskoranir sem ungt fólk stendur frammi fyrir. Með því að stunda sjálfsnám, þjálfra sig eða vera í samstarfi við sérfræðinga á sviðum eins og innflytjendamálum, andlegri og líkamlegri fötlun, skynsegin málum, geðheilbrigðismálum, málefnum hinsegin fólks og fleira, getur þú haft veruleg áhrif með vinnu þinni.

Viðbótarverkefni: Skráðu hjá þér þau málefni sem þú vilt fræðast meira um. Hversu mikið veist þú nú þegar um málefni eins og: úttekt í aðgengismálum fatlaðs fólks, ADHD (athyglisbrestur og ofvirkni), kynsegin, dulkynja, hælisleit, einhverfa, tvígerva, heilalömun, sískynja, klæðskipti, gamla nafnið, drag, lesblinda, verkstol, reikniblinda, mannúðarvernd, ofvirkni, hljóðóþol, intersex (ódæmigerð kyneinkenni), intergender, (ódæmigerð kynvitund), OCD (þráhyggju-árátturöskun), algerva, fyrsta mál, staða flóttafólks, táknmál, Tourette heilkenni, trans, hinsegin, algild hönnun, hvíti stafurinn? Þetta eru aðeins nokkur dæmi. Finndu fleira! Athugaðu fræðsluefni og námskeið í nágrenni við þig til þess að kynna þér þessi málefni á faglegum grunni.





Hvað með óskir okkar og drauma?

Nauðsynlegt, íhugun, samskipti, listir

Erfiðleikastig ●●●●○ | Hreyfing **Lítill til mikillar hreyfingar**

Fjöldi þátttakenda **2+** | Tímabörf: **40 mín +**

Aðstaða/kennslugögn **Rými til að hreyfa sig í, myndlistavörur**

“Mörg okkar hafa misst getuna til að dreyma, eða kannski fengum við það ekki í upphafi”.
Luvvie Ajayi Jones

Aðferð

Með því að búa til manifestó og koma okkur saman um hvernig við getum starfað saman, höfum við líka skilgreint þarfir okkar. En hvað með óskir okkar og drauma? Mörg ungmenni fá ekki tækifæri til að kanna og tjá það sem þau vilja þegar grunnþöfum þeirra er ekki sinnt. Þetta verkefni býður þátttakendum upp á að tjá óskir sínar og drauma.

Hvetjið þátttakendur til að bera kennsl á og sjá fyrir sér sínar villtustu óskir og drauma. Hver þátttakandi er síðan beðinn um að tjá það á listrænan hátt. Tjáningin má vera í hvaða skapandi formi sem er, allt frá teikningu yfir í ljóð og dans.

Þegar verk þátttakenda eru tilbúin er þeim boðið að deila því sem þau hafa skapað. Hægt er að sýna verkin, útskýra eða sitja hjá. Við gerum það sem við viljum í þessu verkefni.

Bakgrunnsupplýsingar

Þetta verkefni byggir á hugmyndinni um að láta drauma sína rætast. Innblástur verkefnisins kemur frá Nordic Black Theatre (NBT) sem var stofnað fyrir rúmum þremur áratugum í Osló. NBT skapar fjölmennningarlegar sýningar og rekur Nordic Black Express, ókeypis leiklistarskóla fyrir ungmenni af fjölmennningarlegum uppruna. Nemendur hljóta námsstyrki sem gerir þeim kleift að helga sig leiklistarmenntun. Námið stuðlar að frammistöðufærni, starfsreynslu og persónulegum þroska nemenda og veitir þeim leiðsögn, samfélagslegan stuðning og sjálfstyrkingu.



Þankahríð

Samskipti, samtvinnun

Erfiðleikastig ●●●○○ | Hreyfing **Lítil hreyfing**

Fjöldi þátttakenda **4+** | Tímabörf **20 mín – 1 vika**

Námsgögn **Blöð og skriffæri, finnið leiðir til að tryggja nafnleysi**

„Með orðinu „inngilding“ er líka verið að segja að við megum taka þátt í því að ráða. Það þarf að sleppa takinu til að hleypa fólki að“.

**Þátttakandi í rannsókn
Young Thespians**

Aðferð

Leiðbeinandi velur efni eða þema fyrir þankahríð (hugarflug) hópsins. Dreifið nokkrum stórum auðum veggspjöldum um herbergið. Ef þú ert að vinna með hópnunum yfir lengri tíma geturðu komið veggspjöldum og skriffærum fyrir í mismunandi rýmum staðarins, Parentheses (jafnvel á klósettinu). Öllum er frjálst að deila reynslu sinni, skynjun og spurningum með því að skrifa á blöðin. Lykilspurningin, sem gengið er út frá, er: **Hvað þarf hópurinn minn að vita um...** Þegar allir eru búnir að taka þátt, eða úthlutuðum tíma er lokið, er veggspjöldunum safnað saman.

Hugleiðing um veggspjöldin: Koma upp endurtekin málefni sem þarfnast nánari athygli, spurningar sem þarf að svara eða skilgreiningar sem þarf að fara yfir áður en farið er í hópumræður? Ef svo er, gefðu þér þá tíma til að sinna því. Þjóddu svo hópnunum að velja eitt umræðuefni og skipta sér upp í smærri hópa.

Kjarni málsins: Hvað ætti allur hópurinn að vita (og kannski vera sammála um) varðandi umræðuefnið? Hvaða öryggisráðstafanir gætu verið nauðsynlegar þegar unnið er með þessum hópi með þetta málefni eða þema? Hver hópur kynnir síðan niðurstöður sínar fyrir öllum hópnunum. Gætiðu rætt um að gera vissar ráðstafanir, ef þörf er á, til að takast á við þessi málefni innan vinnustaðarins, samstarfshópsins eða þar sem þú vilt nota þessa íhugun?

Bakgrunnsupplýsingar

Hugtök eins og fjölbreytileiki, inngilding, jaðarsetning og samþætting gætu komið upp þegar talað er um þarfir hópsins – að öllum líkindum veit fólk sem upplifir þetta hvað orðin þýða – jafnvel þó það noti ekki sömu hugtökin. Það fer eftir samhengi verkefnisins hvort nauðsynlegt er að ræða þessi tilteknu hugtök. Það gæti verið áhugavert að gera könnun á hvað hópurinn vill tala um og koma þannig til móts við sérþarfir hópsins. Þannig geta leiðbeinendur og einnig þátttakendur séð til þess að engin umræðuefni séu þvinguð inn á hópinn.

Það er mikilvægt fyrir leiðbeinendur að vita hvaða merking liggur að baki orðanotkun eins og inngilding eða samþætting vegna hættu á valdaójafnvægi og sundrunu. Í næsta skrefi má einnig skoða og meta hvernig stofnanir og fyrirtæki nota þessi orð: Stendur fjölbreytileiki fyrir það að einstaklingar séu metnir fyrir það sem þeir eru og fyrir þá reynslu og raunveruleika sem þeir koma með að borðinu eða er það markaðshugtök? Þegar það gerist er það kallað dyggðaskreyting.





Innblástur listarinnar og þverfagleg vinna

List, íhugun, samskipti, tilraunaverkefni

Erfiðleikastig ●○○○○ | Hreyfing Kyrrstaða

Fjöldi þátttakenda 2+ | Tímapörf 10–30 mín

Aðstaða/kennslugögn Þægilegt vinnurými, gögn til að skrifa eða taka upp

Aðferð

Upphugið mismunandi námsgreinar og námsmöguleika á vetvangi sviðslista sem hægt væri að bjóða unglíngum. Hvernig getur þekking úr öðrum námsgreinum og áhugasviðum eins og t.d náttúruvísindum og verkfræði eða jafnvel íþróttum og dægurmenningu orðið innblástur að námskeiði eða sköpunarferli?

Spurðu þig og þátttakendur:

Hvar leita ég að innblæstri?

Skoða ég list – og ef svo er, hvað er list fyrir mér?

Gerid lista með skapandi hugmyndum og tillögum og deilið með hópnum. Hversu margar og mismunandi hugmyndir fannstu? Gæti einn eða fleiri aðilar komið að þessum hugdettum? Ef þú skoðar litróf hugmyndanna – kemur þá í ljós að þú forgangsraðar einni hugmynd fram yfir aðra? Veistu hvers vegna? Uppgötvaðir þú ómeðvitaða hlutdrægni eða stigveldi? Þetta verkefni getur verið gagnlegt til að þú áttir þig á hvar hópurninn þinn er staddur og hvaða áhugamál er að finna innan hans. Leggðu áherslu á að **allir eru skapandi!** Þetta verkefni er leið til að ögra viðhorfum um hvað er list.

Bakgrunnsupplýsingar

Handbendi brúðuleikhús bíður upp á námskeið fyrir ungt fólk á hverju sumri á Hvammstanga á Íslandi. Í þessari heillandi sumardagskrá taka unglíngar frá nærliggjandi þorpum þátt í áhuga-verðum leiksýningum. Unglíngunum gefst einnig kostur á að skrá sig í útvarpssmiðjur ungmenna, verða hluti af lifandi Listaklasa æskunnar, eiga náið samstarf við gestalistamenn staðarins, og nota listsköpunarrýmin til að vinna að listrænum verkefnum.



Samskipti handan tungumálsins

Samskipti, íhugun

Erfiðleikastig ●●○○○ | Hreyfing **Kyrrstaða**
Fjöldi þátttakenda **2+** | Tímapörf **10–30 mín**
Aðstaða/kennslugögn **Þægilegt vinnurými**

Skoðuðu bókasöfn í nágrenninu, kannski eru þar bækur um efnið sem þú getur fengið lánaðar.

Mundu: táknmál er líka tungumál!

Aðferð

Leiðbeinandinn stýrir umræðum um tungumálhindranir sem fylgt er eftir með verkefni. Allir þátttakendur sitja í hring. Saman bera þeir kennsl á mismunandi samskiptaleiðir hópsins. Það geta verið samskipti í gegnum líkamann (táknmál) eða talað tungumál (mismunandi tungumál sem fólk talar).

Samskipti með látbragði: **Tákn nafn**

Tákn nöfn eru sérsniðin tákn sem sameina handahreyfingarog form til að vísa til ákveðinnar manneskju, svona eins og gælunöfn. Vinnum í þörum og búum til tákn nafn fyrir samstarfsfélaga okkar.

Upplýsingar um að fá eða gefa tákn nöfn:

- Þeir sem nota táknmál gefa venjulega vinum og fjölskyldumeðlimum tákn nöfn.
- Nöfnin geta byggt á persónueinkennum, sérstökum líkamlegum eiginleikum eða venju.
- Hægt er að stilla nöfnin skv. upphafsstaf í nafni viðkomandi.
- Sumir táknmálsnotendur fá ekki tákn nafn eða velja að nota það ekki, sérstaklega ef nafnið er stutt og/eða auðvelt í notkun.
- Þegar þú kynnir þig skaltu nota fingramál og kynna tákn nafnið þitt á eftir.

Bakgrunnsupplýsingar

Samskipti í töluðu máli geta verið áskorandi fyrir marga einstaklinga hvað varðar sjálfstjáningu, sérstaklega fyrir nýliða sem glíma við að læra nýtt staðartungumál. Í því sambandi bjóða sviðslistir upp á spennandi valkost þar sem hægt er að eiga samskipti og miðla merkingu með látbragði, líkamshreyfingum, hljóðum, myndum og tónlist.

Námsgögn

Fyrir þetta verkefni er mælt með því að hafa mismunandi úrræði við höndina eins og:

1. Myndir og upplýsingar um táknmál þess lands sem námskeiðið er haldið í.
2. Myndir og upplýsingar um blindraletursstafrófið.

Þetta mun hjálpa okkur að deila og ræða mismunandi samskiptaform.



Holdi klæddar höggmyndir

Listir, íhugun, samtvinnun

Erfiðleikastig ●○○○○ | Hreyfing **Kyrrstæðir áhorfendur, flytjendur á hreyfingu**

Fjöldi þátttakenda **5+** | Tímabörf **20 mins**

Materials **Rými til að hreyfa sig í**

Aðferð

Einn þátttakandi er valinn eða býður sig fram til að vera myndhöggvari í þessu verkefni. Efniviður myndhöggvarans eru aðrir þátttakendur. Fjöldi þátttakenda í höggmyndinni getur verið mismunandi, það fer bæði eftir þemanu og stærð hópsins.

1. Myndhöggvaranum er úthlutað orði eins og t.d pólítík, inngilding, ást (eða orð sem snýr að þema dagsins) og er falið að gera myndastyttu sem er lýsandi fyrir orðið. Myndhöggvarinn á að reyna af fremsta megni að vinna út frá eigin skilningi og reynslu af orðinu. Æfingin er unnin í hljóði, nema myndhöggvarinn má gefa þátttakendum fyrirmæli varðandi hreyfingar eða líkamsstöður við gerð myndastyttunnar.
2. Þegar myndastyttan er orðin að skapi myndhöggvarans er hinum þátttakendum boðið að skoða og ræða það sem þeir sjá, í samtali við myndhöggvarann. Þátttakendur og áhorfendur eru hvattir til jafns að deila upplifun sinni á eftir í hópsþjalli.
3. Eftir stuttar umræður er myndhöggvaranum falið að breyta styttnni í „drauma“ birtingar-mynd hugmyndarinnar skv. hópnun.
4. Hópurinn fjallar um birtingarmynd „drauma“ hugmyndarinnar; hvaða merkingu, þýðingu og tilfinningu bera þau gagnvart henni?
5. Að lokum er skorað á myndhöggvarann að búa til verk sem sýnir hvernig aðstæðurnar breytast úr raunveruleikanum í hugsjónina. Hvernig lítur breyting út? Hvernig er hægt að sýna hreyfiafl í kyrrmynd?

Tilbrigði

Áhorfandi eða þátttakandi í myndastyttunni sýnir skúlptúrinn án þess að hafa heyrt sjónarhorn myndhöggvarans.

Við setjum upp „gallerí“ aðstæður og bjóðum áhorfendum að ganga um svæðið til að fylgjast með.

Bakgrunnsupplýsingar

Með því að kanna leiðir sem breyta áherslum í samskiptum okkar úr orðlægrri tjáningu yfir í sjónræna tjáningu opnum við möguleika á öðruvísi skapandi tjáningarleiðum. Þetta verkefni er hægt að nota til að hjálpa öllum þátttakendum að taka þátt, jafnvel þótt tungumálhindranir séu til staðar. Verkefnið felur í sér og veitir innsýn í sér margar af þeim meginreglum sem Augusto Boal setti fram í bók sinni, *Leikhús hinna kúguðu*. Verkefnið byggir brú frá hugmyndafræði yfir í áþreifyanlega reynslu og býður upp á nýja leið til að taka þátt í tjáningu um valin málefni.



Ung en fagleg

Listir, samskipti

Erfiðleikastig ●●○○○ | Hreyfing **Kyrrstæðir áhorfendur, flytjendur á hreyfingu**

Fjöldi þátttakenda: **5+** | Tímapörf **20 mín**

Materials **Rými til að hreyfa sig í**

Listir eru ekki bara fyrir listamenn

Aðferð

1. Þróaðu hugmynd að verkefni fyrir teymið eða talaðu um verkefni sem þú ert hluti af eða hefur séð
2. Settu saman yfirgripsmikinn lista yfir þau hlutverk sem þarf fyrir verkefnið og ræddu við teymið. Skilgreindu hvaða fagþekkingu, færni og ábyrgð þarf til og tengjast hverju hlutverki.
3. Fáðu hópinn þinn til að safna saman óskum sínum og áhuga varðandi þessi hlutverk.
4. Búðu til skúlptúr (Sjá kort #22) sem sýnir hvert hlutverk sem þarf í verkefnið sem hópurinn hefur búið til saman.

Dæmi um hlutverk: Leikstjóri, leikritahöfundur/handritshöfundur, sýningarstjóri, leikmynda-hönnuður, búningahönnuður, ljósaönnuður, hljóðhönnuður, danshöfundur, tónlistarstjóri, leikmunahönnuður, förðunarmeistari, tæknilíð, flytjandi (leikari, dansari, söngvari), almanna-tengslastjóri, aðstoð við framleiðslu, tæknistjóri, framkvæmdastjóri, miðasölustjóri, og fleira...

Bakgrunnsupplýsingar

Störf innan sviðslista reyna á listræna, tæknilega og félagslega færni. Hægt er að móta sér spennandi starfsferil innan fjölbreyttra starfssviða sviðslista.

Svo eru starfsmenn eins og tæknimenn, stjórnendur og kennarar sem veita tæknilega sérfræðiþekkingu, skipulag, menntun, gagnrýna endurgjöf og mat, samfélags- og fjárhagsstuðning. Þessir aðilar vinna sameiginlega að því að framkvæma skapandi framtíðarsýn og að auka gæði og menningarlegt vægi listarinnar.

Það er mjög mikilvægt að taka ungt fólk alvarlega og styðja við listrænt ferðalag þeirra. Tökum dæmi af leikhúsi; skilgreinið hlutverkin með því að nota netheimildir eins og *Get Into Theatre*. Þetta verkefni gerir ungu fólk kleift að kynna sér faglegar hliðar leikhússins, uppgötva störfin þar innan og auka líkur þeirra á að finna vinnu við sitt hæfi.



Það þarf heilt þorp

Samskipti, íhugun

Erfiðleikastig ●●●○○ | Hreyfing **Kyrrstaða**

Fjöldi þátttakenda **2+** | Tímabörf **20 mín**

Aðstaða/kennslugögn **Þægilegt rými**

Þetta verkefni er gagnlegt fyrir þátttakendur sem vilja halda áfram og búa til sín eigin verkefni. Leiðbeiningarnar geta nýst þeim á þeirra eigin sköpunarferðalagi!

Aðferð

1. Þátttakendur vinna saman að því að skapa hugmynd að spennandi sviðslista verkefni.
2. Kannaðu hvernig vinir, fjölskyldur, foreldrar, kennarar, nágrennar og nærsamfélagið getur tekið virkan þátt í verkefninu. Upphugsaðu með hvaða leiðum hægt er að virkja þau til þátttöku og hvernig má gera framlag þeirra að óaðskiljanlegum þætti í velgengni verkefnisins.
3. Hugsaðu um staðsetningu. Hvar væri hægt að vinna verkefnið? Á hvers vegum er rýmið? Eru aðrir valkostir? Hvaða svæði laðar markhópinn þinn að? Kynntu þér umhverfi þitt og valkosti!

Athugið: Þetta verkefni getur komið beint á eftir Ung og fagleg! (Kort #11)

Viðbótarefni til umræðu getur verið:

Hvernig viljum við haga samskiptum okkar varðandi ákvarðanatökur?

Væntingar versus raunveruleiki og væntingastjórnun teymis

Bakgrunnsupplýsingar

Það felst ápreifanlegur ávinningur í því að allt samfélagið taki þátt í æskulýðsverkefnum. Með því að bjóða fjölskyldum, foreldrum, nágrönnum, kennurum og vinum að taka virkan þátt í æskulýðsverkefni, framleiðslu, námskeiði eða sýningu, fáum við dýrmæta innsýn í menningarlegar þarfir ungmenna um leið og við rennum félagslegum stoðum og skipulagi undir framtíðarvöxt þeirra.

Að nota leikhús til að fræðast um okkur sjálf og samfélag okkar er skref í áttina að betra aðgengi fyrir fleira fólk. Höfundar Verkfærakistunnar mæla eindregið með því að þið lesið (Theatre of the Oppressed eftir Augusto Boal), sem veitti mikilvægan innblástur að mörgum verkefnum. Leikhús hinna kúguðu leggur dramatískan grunn að því hvernig við getum bætt líf okkar með því að skoða valkosti okkar með leikrænni tjáningu innan ímyndaðs heims leiksviðsins. Skoðaðu aðferðir frá: Theatre of the Oppressed, Forum Theatre og Adapted Forum Theatre.



List getur leitt til breytinga

Samskipti, listir, valdaójafnvægi

Erfiðleikastig ●●●○○ | Hreyfing **Kyrrstaða**

Fjöldi þátttakenda **4+** | Tímapörf **20 mín**

Aðstaða/kennslugögn **Þægilegt rými til að hreyfa sig í**

Augnsamband hjálpar mikið í þessari æfingu! Ef einhver á erfitt með að ná augnsambandi er það allt í lagi. Hvettu þá til að finna aðrar leiðir sem þeir geta nýtt sér með samstarfsaðila sínum.

Aðferð

Stýrið hópumræðu um eftirfarandi málefni: Hvaða áhyggjuefni, átök og kvíði herjar á ungt listafólk sem ég er í samstarfi við? Hvernig getum við rætt og tjáð þessi mál á öruggan, listrænan og táknrænan hátt? Hvernig getur list endurspeglað raunveruleikann og sýnt valdaójafnvægi?

1. Biðjið hópinn að para sig saman, þannig að hver og einn sé með samstarfsfélaga. Félagarnir ákveða hver verður A og hver verður B. A byrjar á því að leiða B í gegnum einfaldar hreyfingar sem B þarf að herma eftir. Markmiðið æfingarinnar er að búa til eins nákvæma speglun og hægt er. Þörin þurfa að læra að vinna á hraða sem gerir þeim kleift að halda í við hvort annað.
2. Eftir smá stund skaltu bjóða einstaklingi B að leiða einstakling A, í sömu æfingu.
3. Að lokum halda A og B áfram að spegla, án þess að annað þeirra leiði. Æfingin hjálpar til við að þróa teymisvinnu og hlustun. Við lærum að vinna með jafnvægi og hvernig eigi að deila völdum án þess að skipa leiðtoga. Þetta er kennsluáðferð sem hægt er að kenna í leiklist og beita í lífinu þar sem við verðum öll að læra að deila valdi og forystu hlutverkum.

Athugið: Hægt er að aðlaga þetta verkefni og sveigja að mismunandi þörfum. Sem dæmi má nefna þarf ekki endilega að nota alla líkamshluta.

Bakgrunnsupplýsingar

Margir kennarar vita að leiklistin er frábært tæki til að leysa ágreining og átök. Sem dæmi, má bregðast við alvarlegu kynbundnu eineltisvandamáli meðal nemenda með því að búa til leiksýningu sem fagnar fjölbreytileikanum. Slíkt framtak gæti tekið beint á málinu og skapað öruggara, skapandi rými fyrir umræðu, stuðning og valdeflingu.



Samvinna þvert á stigveldi

Samskipti, listir, valdaójafnvægi

Erfiðleikastig ●●○○○ | Hreyfing **Kyrrstaða og smá hreyfing**

Fjöldi þátttakenda **4+** | Tímapörf **20 mín**

Aðstaða/Námsgögn **Þægilegt rými til að hreyfa sig frjálst**

Þessi æfing þjálfar rýmisvitund og hjálpar okkur að átta okkur á því hvernig við förum með vald. Einstaklingur A gæti auðveldlega reynt að láta manneskju B fara í óþægilegar stöður, eða leitt á hátt sem auðvelt er að fylgja og ná þannig árangri.

Aðferð

Stýrið hópumræðu um eftirfarandi málefni: Hvaða áhyggjuefni, átök og kvíði herjar á ungt listafólk sem ég er í samstarfi við? Hvernig getum við rætt og tjáð þessi mál á öruggan, listrænan og táknrænan hátt? Hvernig getur list endurspeglað raunveruleikann og sýnt valdaójafnvægi?

1. Biðjið hópinn að para sig saman þannig að hver einstaklingur hafi félag. Félagarnir ákveða hver verður A og hver verður B. Persóna A byrjar á því að rétta upp handlegginn, fyrir framan nefið á persónu B. Markmiðið með þessari æfingu er að fjarlægðin verði aldrei minni eða stærri á milli aðila en armslengd. Einstaklingur B þarf að fylgja hendi A eins og hægt er.
2. Eftir smá tíma skiptast hlutverkin þannig að manneskja B leiðir og manneskja A fylgir.
3. Hægt er að gera aðra útgáfu að æfingunni með því að taka 2 pör og búa til 4 manna hóp, þá er einn sem leiðir og hinir 3 fylgja og þurfa að muna að fylgja armslengdinni.

Eftir að hópurinn hefur upplifað hvað það er að hafa vald yfir annarri manneskju, hvetið þá hópinn til að útbúa hugmynd að verkefni þar sem kennarinn eða umsjónarmaður stígur til hliðar og leyfir hópnum að taka við stjórninni.

Hvernig beitum við valdi okkar í samstarfi? Hvernig yrði hlutverkaskiptingin í verkefninu? Hvernig gæti þessi nálgun þróast og hvaða stuðningur myndi skipta sköpum fyrir árangur hennar?

Hvers virði er jafningjafræðsla og nám í starfi?

Bakgrunnsupplýsingar

Reykjavík Fringe hátíðin hefur innleitt einstaka stefnu í starfi sínu með ungu listafólki. Hátíðin veitti ungmennum fullt listrænt frelsi og tæknilega aðstoð án eftirlits til að skapa og sviðsetja sýningu.

Mundu að góðir hlutir geta gerst án virkrar nærveru þinnar. Svo vel megi fara er nauðsynlegt að mæta ungmennum á þeirra forsendum með tilliti til þess hvað þau vilja og hvað ekki og að skapa andrúmsloft trausts og virðingar. Hlutverk kennarans er að vera til staðar og leiðbeina.

Samkomulagsatriði fyrir sáttmála

- **Trúnaður:** Það sem sagt er í þessu herbergi, verður eftir í þessu herbergi. Sögurnar okkar sem við deilum með hvort öðru á æfingum eru sagðar í trúnaði og eru eingöngu fyrir þá sem eru í hópnum. Sögurnar á ekki að segja öðrum.
- **Sakaruppgjöf:** Við erum öll alltaf að læra og gerum mistök í því ferli. Verum sammála um að veita hvort öðru sakaruppgjöf. Það sem gerðist í fortíðinni tilheyrir fortíðinni og verður ekki notað gegn viðkomandi um ókomna tíð. Við þurfum öll að fá tækifæri til að breytast og skipta um skoðun án þess að vera dæmd fyrir okkar fyrri skoðun.
- **Staðhæfingar:** Við getum ekki talað fyrir aðra þegar við tjáum skoðanir okkar, en við getum notað „Mér finnst“ staðhæfingar við slík tækifæri. Til dæmis getur stök kona ekki fullyrt „Öllum konum líður illa þegar karlar gera X“. Þess í stað reynum við að nota staðhæfingar eins og „Mér líður illa þegar X er gert við mig.“ Tölum fyrir okkur sjálf og temjum okkur að vera opin fyrir því hver reynsla annarra er.
- **Virðing:** Komum fram við annað fólk eins og þau vilja að komið sé fram við sig! Gerum ekki ráð fyrir að allir vilji láta koma fram við sig á sama hátt. Munum að gera okkar besta til að virða hvern og einn einstakling. Biddu um samþykki áður en þú gerir eitthvað. Ef eitthvað veldur þér óþægindum, talaðu þá um það. Miðlum því á skýran hátt hvar mörk okkar liggja.
- **Hlustaðu:** Sitjum ekki bara og bíðum eftir að röðin komi að okkur að tala án þess að hlusta á það sem aðrir hafa að segja. Veitum þeim sem talar athygli og göngumst við því hvað okkur sjálfum finnst. Hlustum jafnt á aðra sem okkur sjálf til að skilja hlutina betur.
- **Hrósum, ekki setja út á:** Ef þú hefur ekkert jákvætt að segja, segðu þá ekki neitt! Það þýðir ekki að við getum ekki verið neikvæð, heldur að við leitumst við að lyfta hvert öðru frekar en að taka hvert annað niður. Hrósaðu, ekki stríða eða uppnefna.
- **EKKI trufla eða afvegaleiða umræðuna:** Reynum að halda einbeitingu í umræðum, þó það geti verið erfitt að halda sig við umræðuefnið. Dæmi:
 - **Persóna A:** Á leiðinni í skólann var ég að labba og sá fiðrildi.
 - **Persóna B:** Það minnir mig á að ég gerði einu sinni ritgerð um fiðrildi og lærði mikið um mölflugur! Vissir þú...Hér sjáum við hvernig samtali um fiðrildi breyttist í mölflugur. Þó að það geti verið áhugavert, er það ekki góð hlustun að breyta samtalinu sem fyrir hendi er. Auðveldast er að greina þetta þegar einhver gerir athugasemd og annar stekkur inn með nýjan fleyg og breytir umræðuefninu. Þetta er dæmi um óvirka hlustun og getur ýtt samtölum út af sporinu.
- **Prófaðu:** Prófaðu nýja hluti. Þó þú hafir aldrei staðið á sviði þýðir það ekki að þú ættir aldrei að standa á sviði! Gefðu hlutunum tækifæri áður en þú ákveður að segja nei.
- **Þú mátt sitja hjá:** Eins mikið og við hvetjum til þess að hlutirnir séu prófaðir, minnum við

Samkomulagsatriði fyrir sáttmála

líka á þann rétt og val hvers og eins að taka ekki þátt. Í því tilviki reynum við að temja okkur núvitund og spyrja sjálf okkur hvers vegna við völdum að taka ekki þátt? Hvernig líður manni með það? Ef að málið snýst um vangetu eða óöryggi, er þá leið til þess að taka á því þannig að þér sé kleift að taka þátt, ef það er það sem þú vilt?

- **Verið eins heiðarleg og unnt er:** Leitumst við að segja ekki ósatt þegar við tjáum skoðanir okkar. Við getum ekki alltaf deilt öllu sem okkur finnst og það er allt í lagi, en munum að vera heiðarleg með það sem við segjum. Leitumst við að vera heiðarleg gagnvart sjálfum okkur þegar við tökum þátt og föllum ekki í þá gryfju að krefjast þess af sjálfum okkur að líða eins og okkur finnst að okkur „ætti“ að líða, eða eins og við höldum að búist sé við að okkur líði.
- **Farðu varlega/Njóttu þín:** Þátttaka í sviðslistanámskeiðum á að vera skemmtileg! Stundum þurfum við að leggja mikið á okkur, en við viljum þegar upp er staðið að reynslan sé fyrst og fremst jákvæð, ekki neikvæð. Farðu vel með þig. Ef þú ert með fótbot skaltu ekki hoppa á fætinum, þó það sé hluti af æfingunni. Gakktu úr skugga um að þú og fólk í kringum þig sé öruggt.
- **Stíga inn og stíga út:** Sum okkar eru opin og málglöð, á meðan önnur eru lokuð og óframfærin. Sérhver skoðun er mikilvæg og við viljum heyra eins mikið frá öllum og við getum. Ef þú hefur tilhneigingu til að tjá þig skaltu reyna að gefa einhverjum öðrum tækifæri til að tala. Ef þú hefur tilhneigingu til að þegja skaltu reyna að tala og láta rödd

þína heyrast. Við viljum ekki að lítill hópur einstaklinga sé ráðandi í öllu samtali heldur að allir taki þátt.

- **Já við ástúð, nei við kynferðislegum samskiptum:** Þetta er ekki staður fyrir stefnumót. Við getum verið ástúðleg, en tökum ekki þátt í kynferðislegum athöfnum á æfingum.
- **Engin fíkniefni eða áfengi:** Til þess að vera eins heiðarleg og við getum verið verðum við að hafa fulla stjórn á sjálfum okkur, sem þýðir að við mætum alltaf allsgáð til leiks. Samvinna okkar fer fram án fíkniefna og áfengis og við samþykkjum að vera edrú á æfingum.
- **Ábyrgð:** Ef þú segist ætla að gera eitthvað, stattu þá við það. Munum að gera okkar besta við að standa við orð okkar og að taka ekki að okkur hluti sem við getum ekki framkvæmt, hver svo sem ástæðan er.

#2 Viðbótarverkefni

Íhugunaratriði fyrir ungt fólk

- Hvernig spyr ég kennarana mína, menningarskrifstofuna, æskulýðsráð eða sveitarfélagið hvaða stuðningur og fjármögnun er í boði fyrir ungmenni sem hafa áhuga á sviðslistakennslu á svæðinu mínu ?
- Bjóða listaskólar, leikhús og félagsmiðstöðvar upp á námskeið, rými, stuðning eða þátttöku fyrir ungt fólk sem hefur áhuga á sviðslistum?
- Er ég með hugmynd að verkefni til að deila með vinum mínum, kennurum og nærsamfélagi?
- Hvernig yrði sáttmálinn/manifestóið okkar?
- Hvernig get ég stutt jafningja mína með upplýsingum og leiðbeiningum af hreinskilni og hvatningu?
- Hvaða persónulegan hag hef ég af því að taka þátt í sviðslistum?
- Hvaða færni myndi ég vilja þróa með mér?
- Hvaða starfsferil myndi ég velja mér?

#3 Viðbótarverkefni

Íhugunaratriði fyrir kennara

- Hvernig get ég verið skýr í samskiptum?
- Hvaða mörk eru mikilvæg í mínu fagi?
- Býð ég unglingum upp á að búa til manifestó um samstarf okkar, reglur um öruggara og hvetjandi vinnurými?
- Hversu fjölbreytt er samstarfsfólk mitt, sérstaklega hvað varðar fulltrúa minni-hlutahópa?
- Er ég móttækileg/ur fyrir annarri listrænni tjáningu en evrópskri?
- Tek ég virkan þátt í að vinna að bættu aðgengi, gegn kynþáttahatri, fjölbreytileika og gegn ómeðvitaðri hlutdrægni?
- Koma fjárhagslegar hindranir í veg fyrir þátttöku í verkefninu mínu?
- Hversu aðgengileg er staðsetning námskeiðsins fyrir minnihlutahópa?
- Er ég opin/n fyrir mismunandi tungumálum og get ég yfirstigið tungumálhindranir í starfi mínu?
- Ræð ég sjálfboðaliða, æskulýðsfulltrúa, sérfræðinga, þýðendur og sálfræðinga sem eru stuðningsaðilar þessara málefna?
- Er hægt að aðlaga kennsluna mína til að mæta þörfum hópsins?
- Hvernig stuðla ég að jafnrétti kynjanna?
- Hvernig get ég úbúið opið kall sem í felst raunveruleg inngilding sem fagnar öllum?
- Hvernig hvet ég til fagmennsku og listræns frelsis ungra listamanna?
- Kem ég fram við ungt fólk sem samstarfsaðila eða eins og nemendur?
- Forgangsraða ég samkennd fram yfir listræna sýn?
- Bíð ég foreldrum, nágrönnum, kennurum og nærsamfélaginu að leggja verkefninu lið?
- Hvernig kem ég í veg fyrir einelti?
- Hvernig get ég hvatt til þverfaglegar samvinnu meðal ungmenna?
- Fagna ég nýjungum og uppgötvunum í starfi mínu?

Íhugunaratriði fyrir ákvaðanaaðila

- Hversu fjölbreytt eru starfsteymi okkar, stjórnir, pallborð?
- Hversu mörg ungmenni eru hluti af teyminu okkar?
- Hversu mörg æskulýðsverkefni styrkjum við?
- Hvernig styðja ákvarðanir okkar og stefnur félagslegt réttlæti meðal ungs fólks?
- Hvernig styðja ákvarðanir okkar félagslegt réttlæti, fjölbreytileika og aðgengi?
- Hvernig getum við stutt við sýnileika fulltrúa menningarlegra minnihlutahópa?
- Hversu mikla þjálfun höfum við fengið og/ eða boðið upp á í aðgengismálum, baráttu gegn kynþáttahatri, fjölbreytileika og ómeðvitaðri hlutdrægni?
- Eru þátttökuverkefni okkar inngildandi og taka þau mið af sérþörfum minnihlutahópa?
- Hvaða lög og stefnur höfum við sett til að vernda ungt fólk gegn mismunun?
- Hvaða fjárhags- og skipulags, rannsóknar- og sérfræðiaðstoð bjóðum við minnihlutahópum upp á til þátttöku í sviðslistakennslu?
- Eru umsóknarferli um fjármögnun auðveld, aðgengileg og á þeim tungumálum sem staðbundir minnihlutahópar tala?
- Hvernig komum við í veg fyrir félagslega einangrun innan samfélagsins okkar?
- Hvernig getum við stutt við að ungt fólk fái jöfn tækifæri og fjármagn í mismunandi hverfum og héruðum?
- Hvernig styðjum við menningararfleifð minnihlutahópa, þá sérstaklega listræna tjáningu sem er ekki upprunnin í Evrópu?
- Hvernig stuðlum við að óformlegum tækifærum til listmenntunar og grasrótarverkefnum undir forystu ungs fólks?

